

## Skýrsla stjórnar SFA fyrir starfsárið 2014-2015.

Stjórn Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna kosin á vofundi forstöðumanna í Grundarfirði 15.-16. maí 2014.

Barbara Guðnadóttir, Bæjarbókasafni Ölfuss og Hlíf S. Arndal Bókasafninu í Hveragerði og undirrituð Heiðrún Dóra Eyvindardóttir, Bókasafni Árborgar. Varamenn þessarar stjórnar eru þrír þær Áslaug Bjarnadóttir Bókasafni Hrunamanna, Björk Ingimundardóttir Héraðsbókasafninu Kirkjubæjarklaustri og Gunnhildur Edda Kristjánsdóttir Héraðsbókasafni Rangæinga.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var kallaður saman 3. júlí 2014 þar skipti stjórnin með sér verkum og fór yfir hvað þyrfti að gera til að ganga frá skiptum og hvað væri framundan.

Í júlí urðu allmiklar umræður á samskiptamiðlum, sem og í fjölmiðlum, um helmings niðurskurð á fjárframlögum í Bókamenntasjóðinn en þaðan hafa rithöfundar fengið greitt fyrir útlán bóka sinna á söfnum. Stjórn SFA skrifaði grein sem birtist á Vísi og á vef RÚV „Bókasöfn án bóka“ þar sem skorað var á stjórnvöld að auka framlag sitt til Bókmenntasjóðs fremur en lækka það til að reyna að koma greiðslum til rithöfunda í svipað horf og tíðkast hjá nágrannalöndum.

SFA barst beiðni frá Upplýsingu um 100.000 króna styrk til auglýsinga á bókasafnsdeginum sem stjórnin samþykkti einróma.

Þann 8. september mætti forstöðumaður í viðtal hjá Lísu Pálsdóttur í Samfélaginu í nærmynd til að tala um bókasöfn og stöðu þeirra í samfélaginu.

Þann 4. september var haldinn fundur í stjórn til að undirbúa haustfund SFA sem haldinn var á Akureyri í tengslum við Landsfund Upplýsingar eins og venja hefur verið. Sunna Njálisdóttir gerði þar grein fyrir niðurstöðum úr hópavinnu sem unnin var á vofundi í Grundarfirði og mun hún leiða áframhaldandi umræðu um þá vinnu og hvernig við getum best nýtt okkur hana hér á morgun. Þar var einnig vakin athygli á lofsverðu framtaki „Allir lesa“ landsleik í lestri og söfnin hvött til að styðja það með ráðum og dáð.

Haldinn var fundur 12. febrúar þar sem farið var yfir stöðu fjármála og yfir samskipti við Alta. Þá var einnig byrjað að undirbúa vofund. Rangæingar með Gunnhildi Eddu Kristjánsdóttur forstöðumann Héraðsbókasafns Rangæinga í fararbroddi, eru gestgjafar á þessum vofundi ásamt með SFA og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir stuðning þeirra. Við héldum einn fund til viðbótar hér á þessu hóteli 23. mars og nú er allt komið heim og saman og við hér!

Það er tvennt til viðbótar sem mig langar til að nefna hér. Annað er að formaður SFA var beðin um af Upplýsingu að sitja sem varamaður í stjórn Bláa skjaldarins sem er eins konar Rauði Kross menningarminja.

– ( *Blái skjöldurinn var stofnaður árið 1996 til að vinna að verndun menningararfs sem er í hættu vegna náttúruhamfara og stríðsátaka. Markmið Bláa skjaldarins er að vinna að verndun menningararfs heimsins með því að samhæfa viðbragðsáætlanir þar sem hættuástand verður. Stofnendur Bláa skjaldarins eru alþjóðleg samtök bóka-, skjala-, og menningarmínjasafna; )*

Við munum kynna það betur fyrir ykkur, hugsanlega á haufundi eða næsta vofundi.

Og hitt er erindi sem á að hafa borist öllum félagsmönnum SFA frá nefndarsviði Alþingis þar sem:

*Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breyt. á höfundalögum (endurskoðun höfundalaga, einkaréttindi höfunda og samningskvaðir), 702. mál.*

*Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 15. maí nk. á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)*

*Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.*

*Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/144/s/1176.html>.*

Við þurfum þess vegna öll að byrja á því þegar við komum heima að renna yfir þessar 30 blaðsíður af mikilli athygli og nákvæmni og skrifa athugasemdir okkar niður og senda á Alþingi. En ágætt að hafa fyrst umræður um það á Fina listanum þar sem betur sjá augu en auga og skoðanaskipti gera manni yfirleitt gott.

Að svo mæltu býð ég ykkur aftur velkomin og vona að við eigum skemmtilegan og árangursríkann vorkund hér í Fljótshlíðinni.

7. maí 2015

F.h. stjórnar

Heiðrún Dóra Eyvindardóttir formaður.